

## **Aðalfundur Öldungadeildar Læknafélags Íslands og 25 ára afmælishátíð haldinn í Hvammi á Grand Hótel 3. maí 2019**

Formaður Öldungadeildar LÍ, Kristófer Þorleifsson, setti aðalfund kl 17.

- 1). Skýrsla stjórnar Öldungadeildar L Í fyrir starfsárið 2018-2019 upplestin af formanni, sjá viðhengi.
- 2). Skýrsla gjaldkera Gjaldkeri Guðmundur Viggósson las reikninga félagsins sem samþykktir voru samhljóða.Sjá viðhengi.
3. Umræður um skýrslur stjórnar og gjaldkera.
4. Kosning: a.formanns, b. ritara, c. gjaldkera, d. meðstjórnenda.

Formaður: Kristófer Þorleifsson

Ritari: Jóhannes M. Gunnarsson

Gjaldkeri: Guðmundur Viggósson

Meðstjórnandi Margrét Georgsdóttir .

Öll kjörin samhljóða til tveggja ára, en Halldóra Ólafsdóttir á eftir 1 ár af kjörtímabili sínu sem meðstjórnandi.

5. Kosning: a. þriggja féлага í öldungaráð, b. tveggja endurskoðenda.

Öldungaráð:

Hörður Alfreðsson

Magnús B. Einarsson

Reynir Þorsteinsson

Snorri Ingimarsson

Þórarinn E. Sveinsson

Skoðunarmenn reikninga:

Eyjólfur Haraldsson

Þorkell Bjarnason

Ritstjóri vefsíðu og síðu Öldungadeildar í Læknablaðinu:

Magnús Jóhannsson

6. Ákveðið árgjald næsta árs. Formaður bar fram tillögu um að hækka árgjald í kr.3000.- Samþykkt
7. Lagabreytingar . Engar
8. Önnur mál. Engin

Formaður þakkaði starfsfólki skrifstofu Lækafélaganna afar góða þjónustu við Öldungadeildina. Nánar vísast til ársskýrslu Öldungadeildar LÍ 2018 – 2019 sem hér fylgir.

Eftir aðalfundinn var gert hlé , en síðan hófst 25.ára afmælishátíð Öldungadeildar . Hátíðinni stjórnaði Kristófer Þorleifsson formaður Öldungadeildar LÍ. Hann bauð gesti velkomna og gat þess að stofnfundur Öldungadeildar Læknafélags Ísland hefði verið haldinn 7.mai 1994 Alls mættu 45 á hátíðina og snæddu saman gómsæta 3ja rétta máltíð.

Á hátíðinni var Sigurður Egill Þorvaldsson gerður að heiðursfélaga , en hann var formaður félagsins frá 2009 til 2013. Formaður afhenti Sigurði heiðursskjal og eiginkonu hans Jónu Þorleifsdóttur blómvönd.

Undir borðum flutti Reynir Tómas Geirson fyrrv. prófessor og forstöðulæknir á Kvennadeild Landspítalans fræðslu erindi sem hann nefndi „**Normannar og Engilsaxar. Um saumaða sögu**“. Í erindinu fjallaði Reynir um megin verk í miðaldasögu Evrópu, saumaðan 70 metra langan refil eða veggsaum sem gerður var í Englandi um 10-12 árum eftir innrás Normanna í England 1066. Refillinn er kenndur við borgina Bayeux í Normandí þar sem hann hefur verið geymdur nær óslitið í 950 ár. Eiginkona Reynis, Steinunn J. Sveinsdóttir (1945-2018) hafði þýtt danska skáldsögu um tilurð refsins og saumaskapinn og hann hefur verið að vinna að útgáfu þýðingarinnar. Reynir fjallaði um refileinn sjálfan, - mesta listaverk snemm-miðalda sem gert var af konum, um saumaskapinn og saumaaðferðina sem gleymdist eftir 13. öld nema á Íslandi, um sögu hans og hvernig refileinn varðveittist lítt skemmdur í nær þúsund ár. Hann rakti sögu þá sem refileinn lýsir, þ.e.a.s. herferð Normanna til Englands, tildrögum hennar og aðstæðum beggja megin Ermarsundsins, tilviljunum sem gerðu siglingu hundraða lítilla skipa með hesta og hermenn mögulega, erfiða stöðu Engilsaxa, sem neyddust til að berjast fyrst við norskan her norðar í landinu og ganga svo hraðgöngu suður að Ermarsundi til að berjast við Normannana og bandamenn þeirra við Hestengi. Hann sýndi fjölda mynda, bæði af stærri og smærri atriðum í refileinum, - sögulegum, lýsandi og skondnum, myndir af refileinum sjálfum á safninu í Bayeux og af stöðum sem tengjast sögunni beint og óbeint. Í lokin var orrustunni við Hestengi lýst. Loks fjallaði Reynir um hvaða þýðingu innrás Normanna hafði fyrir samfélagsskipan á Bretlandi og framrás sögunnar, á Bretlandi, í Evrópu og hvernig hún gæti hafa tengst tilurð breska heimsveldisins.

Góður rómur var gerður að erindi Reynis og honum þakkað með heiðursskjali og bókaþöf sem formaður afhenti honum.

Að lokinni góðri kvöldstund héldu fundarmenn glaðir hver til síns heima.

Kristófer Þorleifsson ,fundarritari

